



Reykjavík, 04.07.2022  
HH/SMS

Helga Stefánsdóttir  
Forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar **Error! Reference source not found.**  
Norðurhelli 2  
220 Hafnarfjörður

## Efni: Tilkynning um seinkun útboðsgagna fyrir Ásland 4

Hafnarfjörður hyggst byggja nýtt hverfi, Ásland 4, þar sem áætlaður fjöldi íbúða er um 550. Hverfið byggst upp í áföngum og 1. áfangi hverfisins áætlaður í útboð haust 2022. Þegar kemur að því að hanna nýtt hverfi frá grunni er að mörgu að huga í hitaveitunni.

Flækjustig í þessari hönnun tengjast fyrst og fremst:

- Hverfið er hæðótt og mikill munur á hæsta og lægsta punkti í þrýstisönu hitaveitunnar á svæðinu. Því þarf að huga sérstaklega að þrýstihönnun í verkinu.
- Umræður þurfa að eiga sér stað milli Hafnarfjarðar, fráveitunnar í Hafnarfiðri og Veitna til að finna bestu lausnina á bakvatnsmálum með umhverfissjónarmið og nýtingarmöguleika í huga. Mikilvægt er að allir hagaðilar séu á sömu blaðsíðu.
- Veitur þurfa að leggja aðfæðingu meðfram Ásvallabraut til að Ásland 4 geti tengst við dreifikerfi hitaveitu. Ekki var lögð hitaveita á sínum tíma þegar gatan var lögð.
- Erfitt er að ákvarða stærð á aðfæðingu þar sem óvissa er með hverfið Vatnshlíð sem ekki er búið að skipuleggja. Vatnshlíð og Ásland 4 munu þurfa að nýta sömu aðfæðingu í hitaveitu.

Ósk Hafnarfjarðarbæjar var að útboðsgögn yrðu tilbúin í lok september. Grunnmynd fyrir hverfið var tilbúin 13. júní. Til þess að tímalína útboðs raungerist þyrfti að hanna hitaveitulagnir fyrir hverfið á tíma sem hefur reynst okkur erfitt að hefja ný hönnunarverkefni. Helstu ástæður fyrir því eru að flestir eru þegar full lestaðir í öðrum framkvæmdaverkefnum og á þessum tíma er mikið um sumarorlof. Þetta gildir ekki aðeins um hönnuði heldur verkefnastjóra, sérfræðinga, rýnihönnuði o.fl. ásamt því að samskipti og samstarf við ytri samstarfsaðila er slitróttara á þessum tíma.

Til að tryggja gæði hönnunar og minnka líkur á óánægju vegna tafa í ferlinu geta Veitur skuldbundið sig til að stilla hönnun og rýni upp þannig að gögn séu tilbúin fyrir útboð í nóvember 2022. Þá væri hægt að ná öllum aðilum saman á hönnunarfundi eftir sumarfrí og tryggja gæði verkefnisins með ábyrgri og raunhæfari tímalínu sem skapar ásættanlegar aðstæður til að hanna og taka ákvarðanir.

Virðingarfyllst,

Hrefna Hallgrímsdóttir  
Forstöðumaður Hitaveitu

